

Ítarefni:

verndar fólks á stríðstímum. Genfarsamningarnir ná til særðra og sjúkra hermanna, stríðs-fanga, óbreyttra borgara og starfsmanna hjálparsamtaka. Markmið samninganna er að vernda þá sem ekki taka beinan þátt í stríðsátökum.

Stríðsárin á Íslandi

Ísland tengdist stríðinu sem hertekið land og sætti velviljuðu hernámi Breta. Síðar var hernáminu breytt í umsamda hvernd með samningi við Bandaríkin sem Bretland stóð raunverulega að líka.

Hugmynd að aukaverkefni

Samvinnunám/hópvinna þar sem nemendur kynna sér reynslu eldri borgara, t.d. fæddra fyrir 1930–1935, af seinni heimstyrjöldinni með því að taka viðtöl við þá. Nemendur semja spurningar sjálfir til að taka með í viðtalið og kynna niðurstöður síðan í kennslustund. Einnig er hægt að kanna hvort einhverjar stríðsminjar finnast í heimabyggð eins og t.d. bragar eða leifar af þeim.

Austur-Evrópa

Bls. 62–73

Í kaflanum er fjallað um:

- Landshætti og náttúrufar.
- Söguágrip og menningu.
- Atvinnuhætti og náttúruauðlindir.
- Stjórnarfar.
- Samgöngur.
- Lýðfræði.
- Samvinnu og sérstöðu.

Markmið

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu landa
- þekki helstu örnefni; stærstu borgir, ár, vötn, eyjar, skaga, höf og fjallgarða
- átti sig á landslagi og náttúrufari og hvernig það hefur mótast
- geri sér grein fyrir samskiptum og samvinnu á milli ríkja
- þekki ólík menningarsvæði
- þekki til helstu náttúruauðlinda og orkugjafa
- þekki til helstu atvinnuvega og búsetumynsturs
- átti sig á samgöngum í Austur-Evrópu
- geti útskýrt af hverju fólk ferðast og flytur á milli landa
- geti aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum, í t.d. bókum, dagblöðum, á Netinu, úr tölfræðigögnum, kortum eða með viðtölum